

Forvarnir stefnumótun og styrkir

Í fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (fssf) fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir því að Félagsmálanefnd Snæfellinga geti varið allt að einni milljón króna til forvarnarmála. Hluti af því fjármagni er ætlað í vinnu við samræmda forvarnarstefnu fyrir börn og ungmenni á starfssvæði fssf þ.e.a.s. á Snæfellsnesi. Sérstök áhersla er á fræðslu um heilbrigt lífni og forvarnir gegn vímuefnanotkun barna og ungmenna. Áætlað er að ljúka þeirri vinnu í síðasta lagi fyrir 1. desember. Þeim hluta fjármagnsins sem ekki verður varið til stefnumótunar verður úthlutað sem styrkjum til áhugaverðra verkefna sem stuðla að forvörnum barna og ungmenna. Verkefnin verða að ná til fleiri en eins sveitarfélags og helst alls starfssvæðisins.

Nú þegar er hægt að sækja um umrædda styrki og þurfa umsóknir að berast á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á heimasíðu fssf, www.fssf.is, eða hjá starfsfólki fssf.

Í umsókn þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- nafn umsækjanda og þeirra sem hafa umsjón með og bera ábyrgð á verkefninu.
- lýsing á verkefninu, hverjir njóta afraksturs þess og hvenær nota á styrkinn.
- fjárhagsáætlun og fjárhæð sem sótt er um.
- hvort verkefnið njóti styrks eða afsláttar frá öðrum aðilum.
- annað sem umsækjandi vill koma á framfæri.

Félagsmálanefndin getur óskað eftir frekari upplýsingum frá umsækjanda telji hún þörf á því.

Á grundvelli umsókna tekur félagsmálanefnd ákvörðun um hvort og hversu háan styrk viðkomandi skuli hljóta. Styrkur mun aldrei nema hærri fjárhæð en þeirri sem eftir stendur af heildarkosnaði verkefnisins þegar tekið hefur verið tillit til annarra styrkja og/eða afslátta sem umsækjandi nýtur vegna sama verkefnis.

Verði styrkþegi uppvis að því að upplýsa ekki um annan stuðning eða afslætti má endurkrefja hann um mismuninn. Ljúki styrkþegi ekki verkefni skal hann endurgreiða styrkinn nema veigamiklar rökstuddar ástæður komi til.

Styrkur er annaðhvort greiddur við framvísun reikninga og/eða gegn staðfestingu á framvindu verkefnisins.

Félagsmálanefndin og starfsfólk fssf væntir góðs samstarfs allra aðila bæði í stefnumótunarvinnu og við úthlutun styrkja og minnir jafnframt á heimasíðuna www.fssf.is.